

## Fréttir af markaði

Alls námu heildarútlán Íbúðalánasjóðs tæpum 5,7 milljörðum króna í ágúst sem er um 6% aukning frá sama mánuði í fyrra. Þar af voru rúmlega 4,3 milljarðar vegna almennra lána og ríflega 1,3 milljarður vegna leiguibúðalána. Þar með nema heildarútlán sjóðsins rúmum 39 milljörðum það sem af er árinu 2008. Meðalútlán almennra lána námu um 10,9 milljónum króna í ágúst og jukust þau um rúm 15% frá sama tíma í fyrra.


Þann 8. ágúst hélt Íbúðalánasjóður þriðja útböð íbúðabréfa á árinu 2008. Alls bárust tilboð fyrir 19,7 milljarða að nafnverði og ákveðið var að taka tilboðum að nafnverði 3,5 milljarðar króna í HFF24 á meðalávöxtunarkröfunni 4,68% án þóknunar, 3,1 milljarðar króna í HFF34 á meðalávöxtunarkröfunni 4,27% án þóknunar og 1,4 milljarður króna í HFF44 á meðalávöxtunarkröfunni 4,15% án þóknunar. Í kjölfar útbóðsins voru útlánsvextir sjóðsins lækkaðir um 0,15% og eru nú 4,90% fyrir lán með uppgreiðsluákvæði og 5,40% fyrir lán án uppgreiðsluákvæðis.

Íbúðalánasjóður hélt 4. útböð íbúðabréfa á árinu 2008 þann 22. ágúst s.l. Alls bárust tilboð fyrir 21 milljarða að nafnverði og ákveðið var að taka tilboðum að nafnverði 2,3 milljarðar króna í HFF24 á meðalávöxtunarkröfunni 4,67% án þóknunar, 1,9 milljarðar króna í HFF34 á meðalávöxtunarkröfunni 4,36% án þóknunar og 800 milljónir króna í HFF44 á meðalávöxtunarkröfunni 4,19% án þóknunar. Í kjölfar útbóðsins var ákveðið að útlánsvextir sjóðsins yrðu óbreyttir.

Heildarvelta íbúðabréfa í ágúst nam rúmum 132 milljörðum króna og jókst um 3% frá fyrra mánuði. Heildarvelta bréfanna nemur um 1892 milljörðum króna það sem af er árinu 2008.




Þann 22. ágúst tilkynnti Íbúðalánasjóður að stjórn sjóðsins hafi samþykkt að heimila þeim sem eiga tvær húseignir og hafa ekki getað selt aðra þeirra, að fresta afborgunum af lánnum. Samkvæmt þessu er heimilt að fresta greiðslum af lánnum sjóðsins á annari eða báðum eignum. Sama rétt eiga þeir sem eru að byggja og eru með lán hjá Íbúðalánasjóði á nýbyggingunni og/eða þeirri eign sem ekki hefur tekist að selja. Hvíli lán frá Íbúðalánasjóði á annari eigninni eingöngu er hægt að sækja um greiðslufrest á því láni.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs námu tæplega 6,9 milljörðum króna í ágúst og voru afborganir íbúðabréfa stærsti hluti þeirra eða ríflega 6,6 milljarðar króna.



Flokkur	Jún. 2008	Júl. 2008	Ágú. 2008	Meðal líftími	Nafnverð	Eft.st. nafnv.
HFF14	5,29%	5,22%	5,03%	2,9	60,1	41,6
HFF24	4,80%	4,72%	4,66%	7,1	144,3	120,4
HFF34	4,34%	4,18%	4,34%	10,5	141,1	130,1
HFF44	4,18%	4,10%	4,18%	13,8	218,4	208,2

*\*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar.  
Meðal líftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok ágúst '08.  
Af heildarútgáfu nafnverðs eru 7,2 ma. króna í hverjum flokki sem tilheyra lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.*



## Útböð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2008				
	Áætlun Q3	Raun Q3	Áætlun 2008	Raun jan-ágú 2008
Í milljörðum króna				
Útgáfa íbúðabréfa	17-19	13,0	47-51	29,0
Samtals ný útlán ÍLS	18-20	14,4	60-64	39,4
Greiðslur ÍLS	11-13	7,3	49-53	32,5

Endurskoðuð áætlun 2008					
Í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q	Alls 2008
Útgáfa íbúðabréfa	0	16	17-19	14-16	47-51
Ný útlán ÍLS	11	14	18-20	17-19	60-64
Greiðslur ÍLS	12	13	11-13	13-15	49-53

